

Skriðuklaustur í Fljótsdal – fornleifarannsókn 2002

Gjóskulagagreining

Magnús Á. Sigurgeirsson, Fjallalind 123, 201 Kópavogur, netfang: masig@mmedia.is

Þann 12. ágúst 2002 voru gjóskulög könnuð í tengslum við fornleifarannsóknir á Skriðuklaustri. Áhersla var lögð á að greina gjóskulög þar sem til þeirra sást í sniðum uppgraftarsvæðisins. Einnig var hugað að samanburðarsniðum á rústasvæðinu og í nágrenni Skriðuklausturs.

Gjóskulagasnið var mælt við norðurmörk uppgraftarsvæðisins, í jaðri rústasvæðisins (mynd 1). Grafinn var skurður niður fyrir Landnámssyrpuna (LNS), í óhreifða mold. Í sniðinu vekur sérstaka athygli fjöldi gjóskulaga á milli V-1477 (a-lagið) og A-1875, en fátítt er að finna svo mörg lög á einum stað frá þessu tímabili. Telja verður líklegt að meginþorri laganna eigi upptök í eldstöðvum í Vatnajökli. Samkvæmt athugunum Sigurðar Þórarinssonar urðu á þriðja tug eldgosa í Vatnajökli á þessu tímabili (Sigurður Þórarinsson 1974). Áhugavert væri að efnagreina gjóskulögin og reyna að tengja þekktum eldgosum. Einnig eru í sniðinu ljósu gjóskulögin Ö-1362 og H-1158, tvö af mikilvægustu leiðarlögum á NA- og Austurlandi. Á u.þ.b. 85 cm dýpi er svargrátt þunnnt gjóskulag sem út frá afstöðu til LNS og H-1158 gæti verið frá því um 1000 og samsvarað lagi af líkum aldri í Skagafirði. Rétt er þó að hafa fyrirvara á þessari tengingu þar sem útbreiðsla lagsins er ekki þekkt. Efnagreining frá Guðrúnu Larsen (1982) bendir til að lagið eigi upptök í Veiðivatnakerfinu líkt og lagið í Skagafirði (Magnús Á. Sigurgeirsson, óbirt gögn). Í Landnámssyrpunni eru fjögur dökk gjóskulög.

Á milli LNS og meints V~1000 er mold blönduð koli og móösku, sem bendir til mannvistar í næsta nágrenni sniðstaðarins á 9.-10. öld. Við forkönnun á fornleifum á Skriðuklaustri sumarið 2000 komu fram vísbendingar um mjög gömul mannvistarlög, eldri en 500 ára (Magnús Á. Sigurgeirsson 2000). Ekki var grafið í gegnum þau þá og því ekki hægt að segja til um efri aldursmörkin.

Gjóskulögin V-1477, V~1410 og Ö-1362 koma fyrir í nánast öllu torfi á uppgraftarsvæðinu. Einungis á einum stað voru þessi tvö lög ekki í torfi, n.t.t. í SV-horni uppgraftarins. Í N-hluta uppgraftarsvæðisins leit út fyrir að V-1477 lægi upp að grjóthleðslum sem þar eru. Við nánari skoðun kom í ljós að steinarnir sátu ofan á gjóskulaginu. Viðkomandi bygging hefur því greinilega verið reist skömmu eftir að gjóskan féll, árið 1477.


Farið var í skoðunarferð í snið sem ofanritaður hefur mælt og lýst áður (Magnús Á. Sigurgeirsson, óbirt gögn). Í þessu sniði eru gjóskulög vel varðveitt og er það ágætt lykilsnið fyrir innanverðan Fljótsdal (mynd 1). Sniðið er í malarnámu í Norðurdal, afdal Fljótsdals, um 3 km innan við Valbjófsstað.

Heimildir

- Guðrún Larsen 1982: Gjóskutímatatal Jökuldals og nágrennis. Í: Eldur er í norðri. Sögufélag, Reykjavík, bls. 51-65.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 2000: Skriðuklaustur í Fljótsdal – fornleifarannsókn. Gjóskulagagreining. Greinargerð 00/06, 2 bls.
- Sigurður Þórarinsson 1974: Vötnin stríð. Saga Skeiðarárhlaupa og Grímsvatnagosa. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík, 254 bls.

Skriðuklaustur í Fljótsdal

snið mæld 30. júlí 2000



GREINARGERÐ 00/06